



Þingeyjarsveit

## FRAMKVÆMDALEYFI

Þeistareykjavegur

**Leyfisveitandi:**

Þingeyjarsveit  
Kt. 590602-2640  
Kjarna  
650 Laugar

**Leyfishafi:**

Landsvirkjun  
Kt. 420269-1299  
Háaleitisbraut 68  
103 Reykjavík

Maí 2019

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 11. apríl 2019, samanber einnig bókun skipulags- og umhverfisnefndar, dags. 2. apríl 2019, erindi dagsett 11. febrúar 2019 frá Vali Knútssyni, f.h. Landsvirkjunar um veitingu framkvæmdaleyfis vegna

**Lagningar á Þeistareykjavegi syðri.** Um er að ræða veg í vegflokki C7 samkvæmt flokkun Vegagerðarinnar. Áætlaður framkvæmdatími við Þeistareykjaveg syðri er þrjú ár þar sem sumrin 2019 og 2020 verður unnið að uppbyggingu vegar en sumarið 2021 verður lagt efra burðarlag og bundið slitlag. Uppbygging nýs vegar er á 17,15 km löngum kafla. Vegurinn mun liggja á milli Tjarnarás, um 3 km sunnan við stöðvarhús á Þeistareykjum og að tengingu við veg 87, Kísilveg.

Framkvæmdin er í landi Þeistareykja í Þingeyjarsveit. Framkvæmdin er í samræmi við eftirfarandi áætlanir:

- Umhverfismat Landsnets frá 2010 um háspennulínur frá Kröflu að Þeistareykjum að Bakka við Húsavík
- Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025
- Deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar 2015
- Deiliskipulagsbreytingu Þeistareykjavirkjunar 2019
- Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023
- Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2010-2022

Áætluð efnisnotkun í veg er:

- 100.000 m<sup>3</sup> af fyllingum úr námu HS-04 á Hólasandi í Skútustaðahreppi
- 250.000 m<sup>3</sup> af fyllingum og burðarlögum úr námu ÞNR-2 á Þeistareykjum

Framangreindar námur eru á gildandi aðalskipulögum.

Leyfisveitandi: Þingeyjarsveit, kt. 590602-2640, Kjarna, 650 Laugar,

Leyfishafi: Landsvirkjun, kt. 420269-1299, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík

#### **Gögn vegna leyfisumsóknar:**

- Umsókn um framkvæmdaleyfi, dags. 11. febrúar 2011.
- Yfirlitsuppdráttur af framkvæmd
- Kennisnið af fyrirhuguðum vegi
- Deiliskipulagsuppdráttur
- Breyting á deiliskipulagi
- Matsskýrsla og viðaukar fyrir: Háspennulínur (220 kv) frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík. Jarðstrengur (132 kv) frá Bjarnarflagi að Kröflu; Norðurþingi, Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit

### **Skipulagslegar forsendur leyfisveitingar:**

- Deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar.
- Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022.
- Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023.
- Svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.
- Framkvæmdaleyfið er gefið út á grundvelli sérstaks mats um framkvæmdina; Háspennulínur (220 kV) frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík, Skútustaðahreppi, Aðaldælahreppi, Þingeyjarsveit og Norðurþingi, og sameiginlegs mats á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjunar II og háspennulínu frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka,

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 24. nóvember 2010 má finna á eftirfarandi vefslóð:

Vegna sameiginlega umhverfismatsins:

<http://www.skipulagsstofnun.is/media/attachments/Umhverfismat/821/2010020001.pdf>

Vegna umhverfismats fyrirhugaðrar framkvæmdar:

<http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/820/2009040031.pdf>

### **Forsendur í lögum og reglugerðum fyrir leyfisveitingu:**

Skipulagslög nr. 123/2010, gr. 13. - 16.

Reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013

### **Skilyrði Skipulagsstofnunar og Þingeyjarsveitar fyrir leyfisveitingu:**

Samkvæmt álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 24. nóvember 2010 telur hún að við leyfisveitingar þurfi að setja eftirfarandi skilyrði:

1. Tryggja þarf að framkvæmdir auki ekki eyðingu gróðurs á svæði sem nú er eitt virkasta rofsvæði landsins.
2. Ef votlendi verður raskað þarf að endurheimta a.m.k. jafnstórt votlendissvæði og það sem raskast.

**Eftirlit með framkvæmdum:**

Skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar hefur í umboði sveitarstjórnar reglulegt eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum og að þær séu í samræmi við forsendur og útgefin leyfi.

**Gildistími framkvæmdaleyfis:**

Framkvæmdaleyfið er ótímabundið, en miðast við framkvæmdatíma hinnar leyfisskyldu framkvæmdar.

Framkvæmdaleyfið fellur þó úr gildi hafi framkvæmd ekki verið hafin innan tólf mánaða frá útgáfu þess. Framkvæmd telst hafin þegar hreyft hefur verið við yfirborði jarðvegs á framkvæmdastað.

**Framkvæmdaleyfisgjald:**

Framkvæmdaleyfisgjald skv. gjaldskrá Þingeyjarsveitar að upphæð kr. 421.302,- verður innheimt vegna útgáfu framkvæmdaleyfis.

**Fyrirvarar og skilyrði framkvæmdaleyfis:**

Framkvæmdaleyfið er gefið út samkvæmt fyrirbyggjandi og meðfylgjandi málgögnum og með þeim fyrirvörum og skilyrðum sem þar koma fram og samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem hér er vísað til.

Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis sem og tengingar við vegi Vegagerðarinnar eru háðar leyfi Vegagerðarinnar samkvæmt vegalögum nr. 80/2007.

Efnistaka er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd skal stöðva verk tafarlaust og hafa samráð við Minjastofnun Íslands í samræmi við 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Framkvæmdaleyfið er gefið út í tveimur eintökum og skal það vera aðgengilegt eftirlitsaðilum á framkvæmdastað.

Laugum, Þingeyjarsveit,  
f.h. Þingeyjarsveitar

Guðjón Vésteinsson  
Skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar

*Framkvæmdaleyfi er gefið út skv. 13. – 16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi og í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd nr. 60/2013 m.s.br., Leyfishafa ber að kynna sér samræmd starfsleyfisskilyrði Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga fyrir efnistöku vegna mengunarvarna, sbr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsingu nr. 582/2000 gilda einnig um starfsemina.*

Fylgiskjöl:

1. Afrit af bókunum skipulags- og umhverfisnefndar frá 2. apríl 2019 og sveitarstjórnar frá 11. apríl 2019 vegna veitingar framkvæmdaleyfis.
2. Umsókn um framkvæmdaleyfi dags 11. febrúar 2019, árituð af skipulagsfulltrúa.